

5. fundur stjórnar AP, starfsárið 2015-2016

haldinn í Sel – Hótel Mývatni Skútustöðum mánudaginn 18. janúar 2015 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Haraldur Bóasson, Sif Jóhannesdóttirog Yngvi Ragnar Kristjánsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sif Jóhannesdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

1. Skútustaðahreppur – staða og framtíð

Oddviti Skútustaðahrepps, Yngvi Ragnar Kristjánsson og formaður atvinnuálagnefndar, Friðrik Jakobsson gerðu grein fyrir stöðu og verkefnum sem eru á döfnni í sveitarfélaginu og var m.a. komið inná eftirfarandi atriði:

- Sundlauginni var nýverið lokað en sundlaugarkarið þarfnast mikilla endurbóta eigi laugin að verða rekstrarhæf. Þessi staða opnar ný tækifæri m.a. í samstarfi við Þingeyjarsveit en skólabörnum er nú ekið í Lauga til sundkennslu.
- Í samstarfi við Þingeyjarsveit er að fara af stað flokkun sorps í sveitarfélaginu á grundvelli tveggja ára þróunarsamnings við Gámaþjónustu Norðurlands.
- Unnið er að stefnumótun í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu til a ðtakast á við þann mikla vöxt sem þar er og fyrirsjaánlegur er til framtíðar. Atvinnuþróunarfélagið hefur komið að þeirri vinnu en ætlunin er að stefnumótunin verði fest í sessi sem hluti aðalskipulags sveitarfélagsins.
- Byggð hefur verið ný gata í Reykjahlíðarþorpi og er fyrsta húsið þegar risið og líklegt að fleiri risi á næstunni en skortur er á íbúðarhúsnæði, m.a. til leigu.
- Unnið er að þarfagreiningu vegna uppbyggingar „þekkingarseturs“ þar sem þekkingartengd starfsemi sem þegar er til staðar í sveitarfélaginu yrði sett á einn stað með það m.a. að markmiði að laða fleiri þekkingartengd verkefni að. Verkefnið er unnið í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og með stuðningi Uppbyggingarsjóðs Norðausturlands.
- Fyrirhuguð sameining RAMÝ og NÍ hefur mætt mikilli andstöðu sveitarfélaganna á svæðinu og hafa þau ásamt Héraðsnefnd Þingeyinga, Þekkingarneti Þingeyinga og Eyþingi mælt gegn henni við Alþingi.
- Fráveitumálin eru sveitarfélaginu ofviða vegna þeirra miklu krafna sem gera þarf vegna sértekra lagaákvæða á verndarsvæði Laxár og Mývatns ásamt því að svæðið er einnig skilgreint Ramsar svæði og nýtur því alþjóðlegrar verndar sem slíkt. Fyrir liggur frumhönnun og kostnaðaráætlun sem hljóðar upp á u.þ.b. einn milljarð króna.
- Sveitarfélagið á í viðræðum við ríkisvaldið um það hvernig tryggja megi yfirráðarétt sveitarfélagsins á jörðinni Hofstöðum, hvort sem væri með kaupum eða öðrum hætti. Tilgangurinn er að tryggja að land jarðarinnar nýtist samfélaginu og er þá m.a. horft til útivistar, hagsmuna sem tengjast frekari fornleifarannsóknum og nýtingu þeirra og landbúnaði í sveitarfélaginu en land jarðarinnar er stærsta samfellda ræktarlandið við Mývatn.
- Tvö hótel eru í undirbúningi, annars vegar Fosshótel á Grímstaðaáasi sem gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við síðar á árinu og hins vegar Icelandair Hotel þar sem nú er Hótel Reykjahlíð en jafnframt hefur verið sótt um verulega stækkun á svæði sem liggur norður af núverandi lóð.
- Tekin hefur verið ákvörðun um að byggja upp nýjan þjónustukjarna austast í Reykjahlíðarþorpi en núverandi svæði annar ekki þeim mikla vexti sem verið hefur í ferðaþjónustunni og verulegar takmarkanir eru á stækkunarmöguleikum.

- Leikskólinn er að flytjast í húsnæði grunnskólans.
- Rætt um hagsmuni sveitarfélaganna af því að hafa lögheimili þeirra starfsmanna sem atvinnu hafa á svæðinu skráð hér. Á þetta bæði við um tímabundin störf vegna framkvæmda en ekki síður þau framtíðarstörf sem skapast og tilhneiging hefur verið til að sé sinnt af fólki með lögheimilisfesti jafnvel utan héraðs.

Fulltrúum Skútustaðahrepps er þakkað fyrir fróðlega yfirferð og umræður um málefni sveitarfélagsins.

2. Fjölnýting jarðhita

Framkvæmdastjóri lagði fram vinnugögn og gerði grein fyrir verkefni varðandi fjölnýtingu jarðhita og sjálfbæra orkunýtingu á svæðinu. Verkefnið er í mótun undir forystu Landsvirkjunar með þátttöku AP og AFE og fleiri aðilum, m.a. orkufyrirtækjum á svæðinu. Í undirbúningsvinnunni hefur verið gert ráð fyrir að óska eftir við Eyþing að verkefnið verði skilgreint sem áhersluverkefni sóknaráætlunar landshlutans 2015-2019 og hlutur þróunarfélaganna fjármagnaður af henni.

Stjórnin samþykkir þátttöku AP skv. framansögðu og á þeim forsendum sem framkvæmdastjóri kynnti.

3. Sóknaráætlun Noðurlands eystra

Framkvæmdastjóri og formaður gerðu grein fyrir vinnuferli við endurskoðun og uppfærslu sóknaráætlunar landshlutans og aðkomu atvinnuþróunarfélagsins að þeirri vinnu. Mikilvægt er að þau sjónarmið, áherslur og hagsmunir sem á ferðinni eru á starfsvæði atvinnuþróunarfélagsins endurspeglit í áætluninni.

4. Brothættar byggðir

Um sl. helgi var haldið íbúáþing í Lundi sem markar upphaf að þátttöku Kópaskers og byggðarinnar við Óxarfjörð í verkefninu **Brothættar byggðir**. Góð þátttaka var í þinginu sem skilaði verkefnistjórn miklum efnivið í aðgerðaáætlun sem unnin verður á næstu vikum. Verkefnisstjóri sem ráðinn var til starfa á Raufarhöfn á sl. ári mun einnig sinna þessu svæði skv. fyrirbyggjandi samningum atvinnuþróunarfélagsins við Byggðastofnun.

5. Stefnumótun í ferðaþjónustu – uppfærsla

Fyrir liggur erindi frá Norðurhjara um að atvinnuþróunarfélagið uppfæri stefnumótun í ferðaþjónustu á starfssvæðinu sem gefin var út 2009. Í ljósi umfangs og eðlis verkefnisins, en ljóst er að kaupa þyrfti að sérfræðiþjónustu, en einnig þess að Eyþing áformar að standa fyrir sameiginlegri stefnumótun í málaflokknum með vinnslu svæðisskipulags, telur stjórn hvorki efni né ástæðu til að félagið taki málið upp sjálfstætt, heldur verði það þátttakandi í vinnu landshlutasamtakanna.

6. Önnur mál

- i. Elías Pétursson gerði grein fyrir erfiðri stöðu atvinnumála á Bakkafirði, m.a. vegna uppsagnar samninga um sértækan byggðakvóta vegna vanefnda samningsaðila. Fyrir liggja tvær umsóknir úr byggðarlaginu um endurnýjun samninga en áður en unnt verður að ganga til samninga á grundvelli þeirra þarf að tryggja skuldbindingar samningsaðila og nauðsynlega eftirfylgni yfir samningstímamann. Ljóst er einnig að byggðin við Bakkafjörð stendur almennt höllum fæti ætti að uppfylla flest skilyrði til þátttöku í byggðaeftlingarverkefninu **Brothættar byggðir**. Hvetur stjórnin til þess og felur framkvæmdastjóra, í samvinnu við Langanesbyggð og Eyþing, að skoða forsendur þess að sækja um að byggðarlagið við Bakkafjörð verði tekið inn í verkefnið.

- ii. Rætt um mikilvægi þess að lögheimiliskráningar þeirra sem starfa á svæðinu séu í réttu horfi ekki síst með tilliti til hagsmuna sveitarfélaganna. Stjórn atvinnuþróunarfélagsins skorar á þau fyrirtæki sem eru með starfsemi hér að vinna með samfélaginu í að hafa lögheimilisskráningu starfsmanna sinna á svæðinu, enda nýta þeir ýmsa innviði og þjónustu sem til staðar er. Jafnframt hvetur stjórnin sveitarfélögin til að halda vöku sinni í þessum málum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15